

## Sp. 344. Tillaga til þingsályktunar

um sildarbræðsluskip.

Flm.: Gyfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að athuga, hvort tiltækilegt sé að láta smíða eða kaupa til landsins skip, er setja megi í sildarbræðsluvélar og nota síðan sem fljótandi sildarverksmiðjur. Í þessu sambandi sé það athugað sérstaklega, hvort unnt væri að nota í þessu skyni flugvélamóðurskip þau, er nú munu vera boðin til sölu af sumum stórveldanna.

### Greinargerð.

Sildveiðarnar eru meðal þýðingarmestu atvinnuvega þjóðarinnar. En sildin hefur reynzt duttlungafull og valt að treysta því, að hana sé lengi að hitta á sömu slóðum. Um langt skeið kom hún aðallega að Austurlandi, en nú alllengi hefur hún einkum verið fyrir Norðurlandi, en þó ekki ávallt á sömum svæðum. Sum árin hefur hennar enn orðið vart við Austurland, og í Faxaflóa virðist hún stundum einnig hafa kunnað ágætlega við sig, og nú um þessar mundir er sildarmergðin í Kollafirði á allra vörum.

Íslendingar hafa fest geysifé í framleiðslutækjum til þess að hagnýta sildina sem bezt. Langflestar verksmiðjurnar eru við Norðurland, eins og eðlilegt er, en not að þeim hafa orðið nokkuð misjöfn, vegna þess að sildin hefur ekki ávallt komið á sömu slóðir.

Sökum hinna breytilegu gangna sildariunar mundi vera að því augljós hagur, ef nokkur hluti þeirra framleiðslutækja, sem vinna eiga úr veiðinni, gæti fylgt veiðiflotanum þangað, sem mest aflast hverju sinni. Ef sildarbræðsluvélum væri komið fyrir í stórum skipum, gætu þau ávallt verið tiltækileg á því svæði, er fiskiskipin væru að veiðum, og mundi þeim þá sparast mikill tími við að sigla með veiðina til lands. Hægt væri þá og að stunda veiðar hvarvetna þar, sem sildar verður vart, jafnvel þótt fjarri væri sildarverksmiðju í landi. Er augljós sá hagnaður, sem af því hefði hlotizt, ef slíkt skip hefði nú verið til og hægt að veiða í það til bræðslu í Kollafirði undanfarið.

Enginn vafi er á því, að unnt sé að koma við slíkri sildarbræðslu um borð í skipi. Nokkur reynsla mun fengin fyrir bræðslutækjum í stórum hvalveiðiskipum. Hitt er aftur á móti óvíst hvort nauðsynlegt yrði að byggja sérstök skip í þessu skyni og þá, hvernig hagkvæmast yrði að haga gerð þeirra. En í þáttill. þessari er gert ráð fyrir því, að það verði rannsakað. Þeirri hugmynd er og varpað fram, hvort unnt mundi að nota gömul flugvélamóðurskip í þessu skyni. Þau mun nú hægt að fá við mjög hagkvæmum kjörum, og hafa fróðir menn talið, að vel gæti komið til mála að nota slíkt skip, og yrði það þá miklu ódýrara en að smíða ný. En það þarf að sjálfsögðu að rannsaka, og er einnig gert ráð fyrir því í þáttill.